

Borgarstjórn
15. nóvember 2016

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um átak vegna veggjakrots

Reykjavíkurborg geri átak í að hreinsa veggjakrot og leita allra leiða til að stemma stigu við því og gera borgina veggjakrotslausu í samstarfi við hagsmunaaðila s.s. íbúasamtök, ungmennaráð og rekstaraðila.

Greinargerð: Veggjakrot hefur stóraukist að undanfögnu bæði á eignum í eigu opinberra aðila og einkaaðila sem hefur mikinn kostnað í för með sér fyrir þá. Nauðsynlegt er að stemma stigu við veggjakroti sem fyrst og farið verði í allsherjar hreinsunarátak. Mikilvægt er að borginni sé haldið hreinni og snyrtilegri sem er liður í því að efla umhverfisvitund og góða umgengni.